

Umhverfisstofnun Ab. <u>ABB</u> <u>PBG</u>
15. jan. 2016 <u>08.14.01</u>
Tilv. <u>UST 201512-027</u>



Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf.  
Jón Norðfjörð, framkvæmdastjóri  
Berghólabraut 7  
230 Keflavík

UMHVERFIS- OG  
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík  
sími: 545 8600 postur@uar.is  
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 12. janúar 2016  
Tilv.: UMH15120003/20-1

Vísað er til erindis yðar frá 24. nóvember 2015 þar sem sótt er um tímabundna undanþágu frá tímamörkum starfsleyfis vegna seinkunar á vinnu við endurnýjun starfsleyfis Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. Í erindinu kemur fram að starfsleyfi stöðvarinnar renni út hinn 1. febrúar 2016, að umsókn um endurnýjun starfsleyfis hafi verið send Umhverfisstofnun í desember 2014 og að vinna vegna umsóknarinnar hafi tafist hjá stofnuninni.

Í 5. gr. a. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er kveðið á um að allur atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. 6. gr laganna. Ráðherra er heimilt, skv. 5. gr. a laga nr. 7/1998 ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi.

Í samræmi við ákvæði 5. gr. a. og 1. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 sendi ráðuneytið erindi yðar til umsagnar Umhverfisstofnunar með afriti á Heilbrigðisnefnd Suðurnesja. Í umsögn Umhverfisstofnunar frá 3. desember 2015 kemur fram að stofnunin vinni að gerð nýs starfsleyfis fyrir starfsemina og muni útgáfa að öllum líkindum eiga sér stað á fyrstu mánuðum á nýju ári. Stofnunin telji rétt að veita umbeðna undanþágu.

Með bréfi, dags. 27. mars 2015, málsnr. UMH15020070, veitti ráðuneytið að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og í samræmi við 1. mgr. 5. gr. a. laga nr. 7/1998 og 14. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. tímabundna undanþágu frá starfsleyfi til að taka við og brenna svokölluðu þykkni úr þurrkara Alcoa Fjarðaáls þar til nýtt starfsleyfi yrði gefið út en þó eigi lengur en til 1. febrúar 2016. Ennfremur veitti ráðuneytið með bréfi, dags. 13. ágúst 2014, málsnr. UMH14060075, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og í samræmi við 1. mgr. 5. gr. a. laga nr. 7/1998 og 2. másl. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003 tímabundna undanþágu frá ákvæði 2.7 í starfsleyfi Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf., Helguvík, Reykjanesbæ, vegna geymslu spilliefna á lóð fyrirtækisins, sem gefið var út af Umhverfisstofnun 12. júlí 2006. Sú undanþága gildi einnig til 1. febrúar 2016.


Í erindi sorpeyðingarstöðvarinnar frá 24. nóvember 2015 og hér er til umfjöllunar er einungis óskað eftir undanþágu frá tímamörkum núverandi starfsleyfis. Í umsögnum sem Umhverfisstofnun veitti þegar framangreindar undanþágur í máli UMH15020070 og UMH14060075 voru til meðferðar lagði stofnunin til að undanþágurnar yrðu bundnar við gildistíma starfsleyfisins sem nú er að renna út. Eins og fram hefur komið hér að framan er nýtt starfsleyfi í vinnslu hjá Umhverfisstofnun og hefur ráðuneytið fengið staðfestingu á því hjá Umhverfisstofnun að vinna við það hefur dregist hjá stofnuninni. Þar sem afstaða Umhverfisstofnunar var á þeim tíma sem fyrri

undanhágur í málum UMH15020070 og UMH14060075 voru til umfjöllunnar sú að þær myndu vera í samræmi við gildistíma nógildandi starfsleyfis telur ráðuneytið eðlilegt að framlengja fyrri undanhágum til samræmis við þá seinkun sem hefur orðið við vinnslu nýs starfsleyfis. Ráðuneytið bar þetta undir Umhverfisstofnun sem tók í sama streng. Í framhaldi af því hafði ráðuneytið samband við fulltrúa Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. sem í kjölfarið óskaði eftir, í tölvupósti þann 6. janúar 2016, framlengingu á undanhágum sem Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. er með og gilda til 1. febrúar 2016, þ.e. framangreindar undanhágur er varða geymslu spilliefna frá 13. ágúst 2014 og brennslu á þykkni úr þurrkara frá 27. mars 2015.

Í ljósi framangreinds, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar frá 3. desember 2015 og í samræmi við 1. mgr. 5. gr. a. laga nr. 7/1998 og 2. másl. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003 og þar sem Umhverfisstofnun vinnur að gerð nýs starfsleyfis veitir ráðuneytið hér með tímabundna undanhágu frá tímamörkum starfsleyfis Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf., Helgúvík, Reykjanesbæ, sem gefið var út af Umhverfisstofnun 12. júlí 2006. Undanhága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út en þó eigi lengur en til 1. júlí 2016 og er bundin þeim skilyrðum að farið verði að ákvæðum starfsleyfisins frá 12. júlí 2006. Gildistími undanhága sem veittar voru 27. mars 2015, málsnr. UMH15020070 og 13. ágúst 2014, málsnr. UMH14060075 framlengist einnig þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út en þó eigi lengur en til 1. júlí 2016.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

  
Sigurbjörg Sæmundsdóttir

  
Laufey Helga Guðmundsdóttir

Afrit:  
Umhverfisstofnun  
Heilbrigðisnefnd Suðurnesja